

Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Bjarkeyju Olsen Gunnarsdóttur um skiptingu skuldaniðurfærslu eftir landshlutum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvernig skiptist heildarfjárhæðin sem varið verður til niðurfærslu verðtryggðra fasteignaveðlana einstaklinga milli framteljenda í mismunandi landshlutum? Svar óskast sundurliðað eftir kjördæmaskipaninni 1959–1999.*
2. *Hver er meðalfjárhæð skuldaniðurfærslunnar á framteljanda í hverjum framangreindra landshluta?*
3. *Hvernig skiptist heildarfjárhæðin sem varið verður til lækkunar verðtryggðra fasteignaveðlana einstaklinga milli framteljenda í þéttbýli annars vegar og dreifbýli hins vegar?*
4. *Hver er meðalfjárhæð skuldaniðurfærslunnar á framteljanda í þéttbýli annars vegar og dreifbýli hins vegar?*

Ráðherra hyggst leggja fyrir Alþingi ítarlega skýrslu um niðurstöður höfuðstólslækkunar húsnæðislána þar sem m.a. verður fjallað um þau atriði sem spurt er um í þessari fyrirspurn. Skýrslan mun byggjast á stöðu úthlutunar eins og hún verður við lok samþykkisfrests á ráðstöfun leiðréttingarfjárhæðar en eins og er vantar of mikið upp á endanlegar niðurstöður til að skynsamlegt sé að draga nægilega marktækar ályktanir um þetta mál. Reiknað er með því að skýrslan verði tilbúin og kynnt á vörþingi.

